

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um 107
hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir- 6. ágúst
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. ágúst 1954.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

108

7. ágúst

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 230 3. nóv. 1950.

1. gr.

41. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skipagjöld samkvæmt þessari reglugerð skulu tryggð með lögveði í viðkomandi skipi, og gengur það í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breytingu á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1954.

F. h. r.

Páll Pálmason.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Sveins L. Árna- 109
sonar, Álafossi“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. ágúst
16. ágúst 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveins L. Árnasonar, Álafossi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf frá Klæðaverksmiðjunni Álafoss h.f. að upphæð kr. 10 000.00 — tíu þúsund krónur — og nefnist minningarsjóður Sveins L. Árnasonar, Álafossi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000.00, sem um getur í 1. gr., ásamt vöxtum og öðru, sem honum kann að áskotnast á annan hátt.

109

16. ágúst

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast á tryggan hátt undir umsjón nefndar, er skipa sóknarpresturinn í Lágafellssókn, einn starfsmaður við Klæðaverksmiðjuna Álafoss h.f., kosinn af samstarfsmönnum sínum, og einn úr stjórn Klæðaverksmiðjunnar Álafoss h.f. Fulltrúi starfsfólksins er oddviti nefndarinnar og geymir skilríki sjóðsins.

4. gr.

Sjóðinn má ekki skerða, fyrr en hann er orðinn kr. 100 000.00, en þá skal honum varið til að koma upp elliheimili að Álafossi og skal það vera fyrir aldrað starfsfólk Klæðaverksmiðjunnar Álafoss h.f.

5. gr.

Sjóðurinn annast ekki rekstur elliheimilisins, en viðhald og viðbyggingar skal kosta eftir því, sem kostur er á hverju sinni.

6. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins skal við hver árslok gera ársreikning hans og birta reikninginn á þann hátt, er nefndarmönnum kemur saman um.

110

20. ágúst

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hluta-tryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Aftan við d-lið 3. gr. reglugerðarinnar kom nýr liður, svo hljóðandi:

43. svæði: Þorlákshöfn

1. marz — 11. maí.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi gildir frá 1. marz 1954.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluta-tryggingasjóð bátaútvegsins.

Atvinnumálaráðuneytið, 20. ágúst 1954.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.